

3. gr.

Aftan við 3. tölulið 6. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935 bætist:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.

81

9. júlí

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og taka til framlaga til sjóðsins á árinu 1941.

Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

82

9. júlí

um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að bankarnir skuli leggja hluta af þeim erlenda gjaldeyri, sem skilað er til þeirra, inn á biðreikninga í erlendri mynt og geyma hann þannig fyrir reikning eigenda gjaldeyrisins og á þeirra áhættu.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er úrskurðar, hve mikill hluti gjaldeyrisins skuli keyptur af bönkunum og hve mikill hluti lagður á biðreikninga. Tilnefna Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h/f, stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Landssambands útgerðarmanna, hver fyrir sig, einn mann í nefndina, en einn skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Bankarnir kaupa ekki gjaldeyri fyrr en nefndin hefur felld úrskurð samkvæmt næstu málsgrein hér á undan.

Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, hvernig hún skuli haga störfum sínum, eftir því sem ástæða þykir til.

3. gr.

Með reglugerð er heimilt að ákveða, að óheimilt sé að selja eða veðsetja innstæður á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, svo og að setja nánari reglur um, hvernig innstæðunum megi ráðstafa.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.